



## Hafnarnefndarfundur

Mánudaginn 4. júní 2012 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 15.30. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Ráðning hafnarvarðar

Fyrir fundinum lágu 5 umsóknir um starf hafnarvarðar sem nefndarmenn yfirfóru. Formaður og sveitarstjóri skýrðu frá viðtölum sem tekin höfðu verið við 3 umsækjendur og umsagnir meðmælenda með þeim. Að yfirferð lokinni var það samhljóða álit hafnarnefndar að ráða Guðjón Jónsson í starfið.

### 2. Framkvæmdir og fyrirkomulag

Sveitarstjóri greind frá undirbúningsvinnu vegna framkvæmda við Ásgarð en þar hafa staðið yfir athuganir á bryggjustaurum og öðru í undirstöðu garðsins til að meta burðarvirki garðsins áður en sett verði steipt þekja á hann.

Hafnarnefnd ræddi um legupláss í höfninni almennt og mögulegar úrbætur með því að koma fyrir flotbryggjum. Eftir vettvangsferð og miklar umræður um mismunandi lausnir varð niðurstaðan að óska eftir frekari útfærslum á nokkrum hugmyndum en taka einnig tillit til aukins legupláss sem fæst með lengingu Miðgarðs.

### 3. Önnur mál.

Ekki var umræða undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.30

Adolf H. Berndsen,	Árni Sigurðsson,
Sigríður Gestsdóttir,	Gunnar Sveinsson,
Jóhann Sigurjónsson	Magnús B. Jónsson